

Skyndihjálþ

Útbúið spjöld með eftirfarandi upplýsingum. Gott væri að plasta þau og koma þeim fyrir á stöðinni. Notið hugmyndaflugið og bætið við verkefnum.

Leiðbeiningar

Takið þrjú strá, mislöng og sá sem dregur lengsta stráið dregur spjald.

Sá sem dregur spjald leikur sjúkling, hinir vinna saman að verkefninu.

Endurtakið ef tíminn leyfir.

Blæðing

Einn leikur sjúkling með blæðandi sár á hendi, sjúklingur kvartar og er hræddur.

Hinir þurfa að búa um sárið og hlúa að sjúklingi.

Bruni

Einn leikur sjúkling með bruna á framhandlegg eða hendi. Gott væri að hafa smá rauðan lit til að afmarka svæðið.

Hinir þurfa að sækja vatn, kæla og búa um sárið.

Lost

Sjúklingur leggst niður og leggur spjaldið á bringuna á sér svo hinir sjái hvað er að.

Hinir þurfa að leggja viðkomandi í rétta stöðu.

Fótbrot

Einn liggur eða situr og kvartar yfir sársauka og að hann geti ekki stigið í fótinn.

Hinir þurfa að finna efni í spelkur og spelka viðkomandi.

Gullstóll

Æfið ykkur í að bera hvert annað í gullstól. Ágætis viðmið er um 10 metra vegalengd.

Það er ekki létt í mounum.